

Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

6. október 2020

Fundargerð (12)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 6. október, kl. 14.00

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson og Sverrir Jónsson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Margrét Sigurðardóttir
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams föstudaginn 2. október.

Dagskrá:

1. **Fundargerð 11.** fundar stýrihóps 22. september samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Tæknihópur.** Í framhaldi af umræðu á síðasta fundi fór Bára Hildur yfir greiningu verkefnisstjórnar á kostum og göllum túlkunarleiða sem til álita koma varðandi vægi vinnuskyldustunda á tímum sem greitt er fyrir með 90% og 120% álagi. Tillaga verkefnisstjórnar eftir ítarlega greiningu og samráð er að vinnuskyldustundir á tímum sem greiddar eru með 90% vaktálagi skv. gr. 1.6.1 hafa vægið 1,05 á tímabilinu 08:00-24:00 og vægið 1,2 á tímabilinu 00:00-08:00. Vinnuskyldustundir á tímum sem greiddar eru með 120% vaktaálagi skv. gr. 1.6.1. hafa vægið 1,2. Stýrihópurinn féllst á tillögu verkefnisstjórnar. Skrifaður verður viðbótartexti við grein 2.6.8. og lagður fyrir stýrihóp á næsta fundi.
4. **Fræðslumál.** Bára Hildur fór yfir stöðu og marghátuð áform varðandi fræðslu, sem nánari grein er gerð fyrir í framvinduskýrslu. Gat hún þess að verkefnisstjórn hafi verið mikill fengur að yfirlestri og rýni tengiliða BHM og BSRB og fór þess á leit að aðrir í stýrihópnum tilnefni einnig tengiliði sem leita má til við gerð fræðsluefnis. Markmiðið er að fræðsla sé þannig að allir aðilar samkomulagsins í fylgiskjali II, óháð kyni, aldri, uppruna, búsetu og starfsstétt, geti speglað sig og fengið leiðsögn í fræðsluefninu. Því er áhersla á að fá ábendingar úr sem flestum áttum. ASÍ, Fíh, og

launagreiðendur hver fyrir sinn hatt munu upplýsa Báru Hildi um nöfn og netföng tengiliða.

5. **Fjármál.** Bára Hildur fór yfir minnisblað verkefnisstjórnar um fjármögnun verkefnisins og lagði áherslu á að fá skýrar línur til að hefjast megi handa við brýn verkefni, þar sem kaupa þarf að sérfræðiþekkingu, s.s kynningarmyndband, mönnunarmódel og kostnaðarmatssskjal. Hugmyndin sé að setja upp sértakan reikning fyrir betri vinnutíma í vaktavinnu hjá embætti ríkissáttasemjara og fari verkefnisstjóri með prókúru.

Launagreiðendur í sinn hóp og launafólk sín megin hafa rætt þetta mál milli funda á þeim grundvelli að stofnaður verði reikningur með 8 millj.kr. ráðstöfunarfé verkefnisins. Framlagið skiptist til helminga milli launafólks og launagreiðenda. Hvor hópur fyrir sig geri upp hvernig framlögin skiptast milli einstakra aðila að samkomulaginu. BHM áréttaði fyrirvara sinn um að ekki yrði um bein fjárframlög að ræða frá bandalaginu en annars konar stuðningur komi til álita. Samþykkt var að setja upp reikning á ofangreindum grunni hjá ríkissáttasemjara og fela Báru Hildi prókúru og tryggja með því að vegferðin áfram verði snurðulaus og skilvirk.

6. Önnur mál

- **Fulltrúi BHM í innleiðingarhópi ríkisins.** Marianna gerði athugasemd við að fulltrúi tilnefndur af BHM hafi samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis ekki verið boðaður á upphafsfund innleiðingarhóps hjá ríkinu. Sverrir greindi frá því að ráðuneytið hafi sent formanni BHM erindi vegna þessa máls og vænti hann þess að úr leysist á milli aðila.
- **Vinnu- og samskiptareglur.** Helga fór yfir endanlega útgáfu vinnu- og samskiptareglna, sem stýrihópurinn samþykkti á fundi sínum 8. september sl. Dvaldi hún við hvað felst í leiðarljósunum gagnsæi og skilvirkni og skuldbindingunum um verklag og góðan undirbúning allra - fundarstjóra, verkefnisstjórnar og einstakra aðila í stýrihópnum.
- **Næstu fundir.** Ákveðið að næstu fjarfundir verði boðaðir þriðjudagana 20. október og 3. nóvember nk. kl. 14 til 15.30.

Fundi slitið kl. 15:16. Fundargerð er aðgengileg á Teams.